

SKIPULAGSSKRÁ

Starfsendurhæfingar Suðurlands.

1. gr.

Heimili og varnarþing.

Starfsendurhæfing Suðurlands er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er á Selfossi. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnaðilar.

Stofnendur Starfsendurhæfingar Suðurlands eru: Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, Sveitarfélagið Ölfus, kt. 420369-7009, Hveragerðisbær, kt. 650169-4849, Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Festa lífeyrissjóður, kt. 571171-0239, Lífeyrissjóður Rangæinga, kt. 660472-0299, Bárán stéttarfélag, kt. 460172-2259, Verkalýðsfélag Suðurlands, kt. 540174-0599, FOSS Suðurlandi, kt. 430775-0659, Verslunarmannafélag Suðurlands, kt. 690269-1479, Félag iðn- og tæknigreina, kt. 410503-2040, Vinnumálastofnun Suðurlandi, kt. 550198-5259, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, kt. 670804-2750, Rauði krossinn Árnesingadeild, kt. 620780-2279, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), kt. 480775-0159, Fræðslunet Suðurlands, kt. 641199-2579, Fjölbautaskóli Suðurlands, kt. 491181-0289, Heilsustofnun NLFÍ, kt. 480269-6919, Skrifstofa um málefni fatlaðra, Suðurlandi, kt. 540880-0269, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa.

Fjárhagslegar skuldbindingar Starfsendurhæfingar Suðurlands eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Starfsendurhæfingar Suðurlands er kr. 2.100.000 þar af óskerðanlegt stofnfé kr. 1.000.000.

Fjárframlög skiptast þannig: Sveitarfélagið Árborg kr. 100.000, Vinnumálastofnun Suðurlandi kr. 200.000, Festa lífeyrissjóður kr. 300.000, Lífeyrissjóður Rangæinga kr. 300.000, Verkalýðsfélag Suðurlands kr. 300.000, Bárán stéttarfélag kr. 300.000, Verslunarmannafélag Suðurlands kr. 300.000, Félag iðn- og tæknigreina kr. 150.000, FOSS Suðurlandi kr. 50.000, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kr. 50.000, Rauði krossinn, Árnesingadeild kr. 50.000.

3. gr.

Markmið.

Meginmarkmið Starfsendurhæfingar Suðurlands eru eftirfarandi:

- að endurhæfa þátttakendur til vinnu,
- að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra,
- að þátttakandi verði virkur í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, s.s. við vinnu, nám eða önnur verkefni.
- að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Markmiðið er að veita heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er hverju sinni. Áhersla verður lögð á félagslega, heilsufarslega og námstengda endurhæfingu í samvinnu við stofnanir og þjónustuaðila á svæðinu. Náíð samstarf verður einnig við Svæðisvinnumiðlun og atvinnulífið.

Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn Starfsendurhæfingar Suðurlands er kosin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Þeir eru tilnefndir af stofnendum. Stjórnin er kosin til tveggja ára, þó þannig að tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Á fyrsta ársfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn til eins árs og þrír til tveggja ára. Stjórn kýs sér formann og ritara, sem jafnframt skal vera

varaformaður til tveggja ára í senn. Formaður boðar til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Starfshættir stjórnar.

Stjórn Starfsendurhæfingar Suðurlands ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Ársfundur.

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í apríllök ár hvert. Þar skal stjórn Starfsendurhæfingar Suðurlands gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa fara fram. Á ársfundi gildir einfaldur meirihluti og hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði nema varðandi breytingar á skipulagsskrá, samanber 11. gr.

Ársfundur skal boða skriflega með viku fyrirvara. Tillögu um breytingar á skipulagsskrá Starfsendurhæfingar Suðurlands skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. gr.

Forstöðumaður.

Stjórn Starfsendurhæfingar Suðurlands ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. gr.

Tekjur.

Tekjur Starfsendurhæfingar Suðurlands, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum.

9. gr.

Samstarf við aðra aðila.

Til þess að Starfsendurhæfing Suðurlands geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

10. gr.

Reikningsskil og endurskoðun.

Reikningsár Starfsendurhæfingar Suðurlands er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu:

- skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs,
- endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs og
- reikninga Starfsendurhæfingar Suðurlands sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 stjórnarmanna á ársfundi samþykkja slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. gr.

Slit á Starfsendurhæfingu Suðurlands.

Starfsemi Starfsendurhæfingar Suðurlands verður slitið með ákvörðun 2/3 stjórnarmanna á ársfundi. Verði starfsemi Starfsendurhæfingar Suðurlands hætt og starfsendurhæfingin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

13. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnningu til 31. desember 2009.

14. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 25. júní 2009.

Ríkarður Másson.

Lára Kristín Gísladóttir.